

## **Ályktun**

**Framhaldsaðalfundur Félags Eldri Borgara á Akranesi og Nágrenni (FEBAN) haldinn á Akranesi hinn 31. mars 2017 mótmælir harðlega þeim áformum Bæjarstjórnar Akraness sem fram koma í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og 4 ára áætlun, að veita engu framkvæmdafé til uppbyggingar félagsmiðstöðvar eldri borgara og öryrkja að Dalbraut 6.**

**Fundurinn krefst þess að fundin verði leið til þess að fjármagna og hefja uppbyggingu félagsmiðstöðvarinnar í samræmi við fyrirheit fyrri Bæjarstjórnar og tillögur samstarfshóps um tilhögun framkvæmda í stað þeirra áforma að brjóta húsið niður.**

**Fundurinn felur stjórn FEBAN að fylgja þessu máli eftir af festu.**

## **Ályktun**

**Framhaldsaðalfundur Félags Eldri Borgara á Akranesi og Nágrenni (FEBAN) haldinn á Akranesi hinn 31. mars 2017 hafnar þátttöku í fyrirhugaðri byggingu félagsmiðstöðvar við golfvöll, enda leysir það ekki meginvanda félagsins um alhliða húsnæði.**

**Fundurinn telur það slæma ráðstöfun fjármuna að eyða tugum milljóna í slíka bráðabirgðalausn í stað þess að nýta það fé til uppbyggingar að Dalbraut 6 í samræmi við þau fyrirheit sem bæjarstjórn gaf FEBAN á 25 ára afmælisári félagsins .**